

Fjórði fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis árið 2013 var haldinn mánudaginn 10. júní 2013 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Þorsteinn Narfason sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014

„Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er samþykkt með þeirri breytingu að laun til nefndarmanna verði samræmd við laun til B nefnda hjá Mosfellsbæ frá og með 1. janúar 2014. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra fjárhagsáætlun.“

2. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Ný gjaldskrá hefur fengið númerið 474/2013

3. Leyfi

Lagt fram afrit af rekstarleyfi Lögreglustjórans í Reykjavík fyrir þjónustustöð að Langatanga dagsett 10. maí 2013.

4. Olúslys á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Lögð fram skýrsla Heilbrigðiseftirlits Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis Olúslys á Bláfjallavegi dagsett 8. maí 2013.

„Heilbrigðisnefnd mun í framhaldi skerpa á kröfum til starfsemi innan vatnsverndarsvæða. Heilbrigðisnefnd beinir því einnig til sveitarfélaga að efla viðbúnað eigin þjónustumiðstöðva til að koma slökkviliði og heilbrigðiseftirliti til aðstoðar í bráðamengunartilvikum.“

5. Starfsemi Mótomos

Lagt var fram bréf Arnars Marínósonar dagsett 22. maí 2013, ásamt afriti af athugasemdum sem íbúar norðan Leirvogsár gerðu við Aðalskipulag Mosfellsbæjar dagsett 22. maí 2013 þar sem hann kvartar yfir hávaða og rykmengun frá starfsemi Mótomos í Mosfellsbæ.

„Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að framsenda erindið til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem hefur stjórnslu á svæðinu.“

6. Heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Lagt fram bréf SSH dagsett 27. maí 2013. Óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á áhersluatriðum sem stýrihópur hefur sett fram.

„Heilbrigðisnefnd stefnir að því að leggja fram umsögn á næsta fundi í ágúst.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

7. Aðalskipulag Mosfellsbæjar

Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 30. maí 2013. Svar skipulagsnefndar Mosfellsbæjar við athugasemd heilbrigðiseftirlits við auglýsta tillögu að aðalskipulagi vegna staðardagsskrár og starfsemi Mótomos.

„Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við bærarstjóra Mosfellsbæjar og skipulagsfultrúa um stöðu mála á svæðinu.“

8. Fundir og ráðstefnur

- a. Framkvæmdastjóri mun sækja ráðstefnu um vatnasvæðastjórnun í Tallinn í Eistlandi 18-21. júní í boði EFTA (www.eeagrants.org). Gerð verður grein fyrir ferðinni á næsta fundi.

Fundi slitið 18:30